

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0 – 4,9	4,32	15,0 – 15,9	9,19
5,0 – 5,9	4,60	16,0 – 16,9	9,92
6,0 – 6,9	4,97	17,0 – 17,9	10,64
7,0 – 7,9	5,21	18,0 – 18,9	11,29
8,0 – 8,9	5,44	19,0 – 19,9	12,15
9,0 – 9,9	5,69	20,0 – 20,9	12,79
10,0 – 10,9	6,04	21,0 – 21,9	13,53
11,0 – 11,9	6,26	22,0 – 22,9	14,39
12,0 – 12,9	7,05	23,0 – 23,9	15,07
13,0 – 13,9	7,72	24,0 – 24,9	15,75
14,0 – 14,9	8,54	25,0 og þyngri	16,52

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1989, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 13 21. janúar 1988 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

1. gr.

1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Seinni hluti greiðslu hins sérstaka fóðurgjalds, þ.e. sem svarar til 25/80 hluta af fullu gjaldi, skal reiknaður eftir afurðamagni alifugla og svína skv. 11. gr., þannig að ekki verði endurgreitt vegna meira magns kjarnfóðurs til ársframléiðslu afurða en sem nemur að meðaltali, að hámarki:

Fyrir hvert kg svínakjöts	5,6 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	3,8 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjúklinga og kalkúnakjöts	4,0 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	4,0 kg fóðurs

2. gr.

5. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg. eggja til framleiðslu holdakjúklinga reiknast 8,6 kg fóðurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpflugla, reiknast 5,7 kg fóðurs á kg eggja. Þeir framleiðendur sem fá endurgreitt skv. þessari málsgrein, skulu mánaðarlega skila skýrslum um útungun og ráðstöfun framleiðslunnar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 30. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1988.

Steingrímur J. Sigfússon.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 628 31. desember 1987 um innheimtu
fóðurgjalda.**

1. gr.

1. og 2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Grunnjald, sem skal vera 50% af tollverði hverrar fóðurtegundar, þó aldrei hærra en kr. 5 400,00 af hverju tonni hinnar gjaldskyldu vöru.
2. Sérstakt grunnjald sem skal vera kr. 5 000,00 á hvert tonn hinnar gjaldskyldu vöru.

2. gr.

6. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Sama gildir um korn og vörur úr því til mannelis, sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna, og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til mannelis. Sé um stærra umbúðir að ræða eða flutning í lausri vigt, getur landbúnaðarráðuneytið veitt undanþágu frá gjaldskyldu að hluta eða öllu leyti, enda sé notkun vörunnar sú er að ofan greinir. Hafi undanþága ekki verið veitt getur landbúnaðarráðuneytið ákveðið að endurgreiða fóðurgjöld skv. 1. gr. af vörum til mannelis, fiskelís eða loðdyraræktar.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1988.

Steingrímur J. Sigfússon.

Guðmundur Sigþórsson.